

Reykjanesbær
b.t. Gunnars K. Ottóssonar, skipulagsfulltrúa
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

21. október 2021

Varðar: Athugasemdir HS Orku við vinnslutillögu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035

HS Orka hefur farið yfir vinnslutillögu að endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar. Almennt er skipulagið framsett á skýran máta, bæði greinargerð og uppdættir. Í vinnslutillögunni koma eðlilega fram ákveðnar breytingar frá gildandi aðalskipulagi. HS Orka hefur á þessu stigi litið sérstaklega til breytinga sem snúa að hagsmunum fyrirtækisins.

1. HS Orka gerir athugasemdir við þær breytingar sem kynntar eru á svæði I6 í Stóru Sandvík.

Eins og kemur fram í gildandi aðalskipulagi eru skv. mælingum ÍSOR merki um háhita við Stóru Sandvík. Jarðeðlisfræðimælingar á yfirborði ásamt öðrum gögnum gefi til kynna að sterkar líkur séu á því að virkjanlegur háhiti sé á umræddu svæði. HS Orka hefur að undanförunni unnið að frekari athugunum til að staðsetja með aukinni nákvæmni mögulegt áhrifasvæði jarðhitarannsókna og virkjunar. Grundvöllur að slíkum rannsóknum er að fyrir liggi stefna í aðalskipulagi Reykjanesbæjar, sem heimili slíkar rannsóknir. Það er jafnframt ljóst að ef rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu er mjög líklegt að óska þurfi eftir breytingu á aðalskipulagi. Þar yrði gerð ítarlegri grein fyrir forsendum fyrir breytingum á rannsókna- og orkuvinnslusvæðinu, helstu umhverfisáhrifum og þeim takmörkunum sem þarf að fylgja við frekari undirbúning.

I6 er í fullu samræmi við þá stefnu sem kemur fram í gildandi aðalskipulagi og vinnslutillögu að aðalskipulagi, þar sem áherslan er m.a. á auðlindagarð á Reykjanesinu. Auk þess er I6 Stóra Sandvík í samræmi við stefnu Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024, sbr. kafla um Háhitasvæði og orkuvinnslu.

HS Orka vill jafnframt benda á að skv. 7. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun skulu sveitarfélög samræma aðalskipulagsáætlanir sínar að verndar- og orkunýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í 2. mgr. sömu greinar er sveitarstjórnnum heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun skv. verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár innan árs frá samþykki áætlunarinnar. Það er ljóst að sá frestur er löngu liðinn, þar sem samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun, svokallaður 2. áfangi, er frá 2013. Þá má einnig geta þess að í ósamþykktum 3. og 4. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar eru ekki gerðar breytingar á Stóru Sandvík.

HS Orka er reiðubúið að ræða við Reykjanesbæ um þau viðfangsefni sem snúa að skipulagi, mögulegri nýtingu, umhverfisáhrifum og þau viðmið sem skal hafa til hliðsjónar við frekari undirbúning rannsókna og mannvirkja á I6 Stóru Sandvík. Það er mat HS Orku að hagsmunir fyrirtækisins og sveitarfélagsins fari saman í þessu mikilvæga viðfangsefni.

Það er tillaga HS Orku að halda stefnu um I6 óbreyttri frá því sem er í gildandi aðalskipulagi eða að samráð verði haft við fyrirtækið um breytingar á skilmálum sem gildi um svæðið.



2. HS Orka leggur til sameiginlega rýni á framtíðarsýn fyrir iðnaðarsvæði I5b

HS Orka telur mikilvægt að taka upp til rýni stefnu og skilmála sem gilda um iðnaðarsvæðið I5b, í samræmi við þá öru þróun sem hefur orðið í auðlindagarðinum á Reykjanesi. HS Orka leggur til að fyrirtækið og sveitarfélagið ræði framtíðarsýn þess svæðis og þá hagsmuni sem felast í því.

Virðingarfyllt,

Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri
þróunar- og auðlindasviðs